

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) miðvikudaginn 15. febrúar 2023.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2022-2023

Körfuknattleiksdeild Ármanns
gegn

Körfuknattleiksdeild Hamars

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið á skrifstofu KKÍ þann 13. janúar 2023. Kærandi er körfuknattleiksdeild Ármanns, kt. 420169-0359, Engjavegi 7, 104 Reykjavík.

Kært er atvik í leik Ármanns og Hamars í 1. deild mfl. karla sem fram fór 9. janúar 2023.

Kærði er körfuknattleiksdeild Hamars, kt. 480192-2059, Skólamörk 6, 810 Hveragerði.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að úrslit umrædds leiks verði ógild og körfuknattleiksdeild Ármanns verði dæmur 20-0 sigur.

Til vara krefst kærandi þess að úrslit umrædds leiks verði ógild og leikurinn spilaður aftur.

Hinn kærði krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

III.

Málsástæður og lagarök kæranda

Atvikum máls er lýst þannig í kæru: „Þann 9. janúar fór fram leikur Ármanns og Hamars í 1. deild karla sem endaði með 81-97 sigri gestanna. Um er að ræða frestaðan leik frá 8. umferð deildarkeppninnar. Leikurinn var upprunalega settur á

Þann 11. nóvember 2022 en var fljótlega frestað til 12. nóvember vegna landsleiks. Þann 8. nóvember síðastliðin var leiknum frestað aftur til 9. janúar 2023.

Í leiknum léku tveir leikmenn sem ekki voru með leikheimild þann 12. nóvember síðastliðin en samkvæmt reglugerð KKÍ segir að einungis leikmenn hafi rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn. Leikmaður nr. 14 á skýrslu, Elías Bjarki Pálsson er á venstasamningi hjá Hamri og fékk leikheimild 17. nóvember síðastliðin. Þá fékk leikmaður nr 13, Brendan Howard leikheimild sama dag og leikurinn fór fram, þann 9. janúar. Hvorugur þeirra var með leikheimild þann 12. nóvember og höfðu því klárlega ekki rétt til að taka þátt í upphaflega leiknum. Elías lék 19:15 mínútur í leiknum og Howard lék 21:06 mínútur.

Þess skal getið að þegar mótastjóri tilkynnti félaginu skriflega um að leiknum 12. nóvember þyrfti að fresta kemur skýrt fram að leiknum sé "frestað".

Í 9. gr um frestaða leiki í reglugerð um körfuknattleiksmót segir skýrt að "þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn."

Í grein 8.5 um LEIKHEIMILDIR, SKRÁNING LEIKMANNA, TÖLFRÆÐI OG ÚRSLIT, í lögum um körfuknattleiksmót segir: "Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil."

Samkvæmt orðum mótastjóra KKÍ var leiknum sem átti upprunalega að fara fram 11. nóvember frestað. Þar af leiðandi er það óumdeilt að leikmenn Hamars nr. 13 (Brendon Howard) og nr. 14 (Elías Pálsson) voru ekki með leikheimild í þessum leik sem fór fram 9. janúar. Þar með eru þeir ólöglegir leikmenn í þessum leik. Í aðdraganda leiksins voru þessar reglur skoðaðar og var allur undirbúningur Ármanns því miðaður út frá því að þessir tveir leikmenn yrðu ekki í leikmannahópi Hamars í umræddum leik enda átti hann að fara fram um tveimur mánuðum fyrr. Hamar hagnaðist því á þessari frestun þar sem liðið er með tvo leikmenn sem hefðu sannarlega ekki leikið með liðinu ef hann hefði farið fram 12. nóvember eins og upprunalega stóð til."

Með kæru fylgdu gögn þar sem sýnt var fram á að ofangreindir leikmenn hafi leikið umræddan leik. Einnig fylgdu tölvupóstsamskipti frá mótastjóra KKÍ þar sem kæranda var upplýst um að leikurinn gæti ekki farið fram á tilsettum tíma vegna þess að einn leikmanna kærða var í landsliðshópi Íslands. Í umræddum samskiptum var orðalagið „frestun“ notað vegna breytts leiktíma.

IV.

Málsástæður og lagarök kærða

Í greinargerð kærða sem barst nefndinni þann 20. janúar 2023 var kröfum kæranda mótmælt. Þar sagði: „Kærði mótmælir málatilbúnaði kæranda eins og honum er lýst í kæru varðandi það að hinn kærði leikur hafi verið frestaður leikur í skilningi 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Kærandi byggir á að umræddur leikur hafi ekki verið frestaður leikur, heldur hafi leikurinn verið færður af mótanefnd KKÍ vegna reglna FIBA og að í þeim tilvikum gildi ekki framangreind 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Þar af leiðandi hafi leikmenn kærða nr. 14 og 13 á leikskýrslu haft leikheimild til þess að spila í leiknum.“

Fyrir liggur að ástæða þess að hinn kærði leikur var færður var vegna þess að einn leikmaður kærða var valinn í landsliðshóp Íslands og skaraðist verkefni landsliðsins við umræddan leik. Þegar þannig ber undir, þá ber mótanefnd KKÍ að færa leik innan keppnisdagatals Íslandsmótsins. Er þá ekki um frestun leiks að ræða, heldur er leikurinn bara færður yfir á aðra dagsetningu. Er það í samræmi við meginreglur FIBA, að því er varðar ráðstafanir vegna vals á leikmanni í landsliðsverkefni.

Í samskiptum þjálfara kærða við móta- og fræðslustjóra KKÍ í aðdraganda hins kærða leiks, þá kom það skýrlega fram að umræddur leikur væri færður en ekki frestaður. Einnig var tekið fram að leikmenn þeir sem um ræðir væru löglegir í leiknum þar sem ekki væri um frestaðan leik að ræða.

Af framangreindu er það því krafa kærða að kröfum kæranda verði hafnað, enda eigi 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót ekki við um hinn kærða leik, þar sem ekki var um frestaðan leik að ræða.“

Með greinargerð kærða fylgdu gögn sem sýna tölvupóstsamskipti kærða og mótastjóra KKÍ vegna leiksins. Var þar rætt um að færa leikinn vegna landsliðsverkefnis leikmanns kærða og óskaði kærði eftir mati á því hvort nýir leikmenn hefðu heimild til þátttöku í leik á nýjum leiktíma. Kom þar fram að það væri túlkun mótastjóra á reglunum að svo væri.

V.

Álit mótastjóra KKÍ

Undir rekstri málsins óskaði aga- og úrskurðarnefnd KKÍ eftir áliti mótanefndar á málinu. Barst það nefndinni þann 13. febrúar 2023. Greinargerðin er svohljóðandi: „Í þessu máli er, skv. skilningi undirritaðs, tekist á um hvort um færðan eða frestaðan leik hafi verið að ræða.

Leikur Ármanns og Hamars var upphaflega á dagskrá föstudaginn 11. nóvember 2022 sem hluti af 8. umferð 1. deildar karla, en þessi umferð var á dagskrá á sama tíma og landsliðsgluggi karla. KKÍ ber að tryggja, skv. reglum FIBA, að leikir félagsliða þeirra leikmanna sem kallaðir eru til æfinga landsliða í landsliðsgluggum fari ekki fram á þeim tíma sem gluggarnir standa yfir.

Samkvæmt reglum FIBA, þá ber KKÍ að tryggja að lið leikmanns spili ekki á þeim tíma sem leikmaður er hluti af landsliðsverkefni, sem á dagatali FIBA. Í þessu tilfalli stóð landsliðsglugginn yfir frá 7.-15. nóvember og skaraðist því leikur Ármanns og Hamars á við þennan glugga. Samkvæmt grein 9.2 í *FIBA internal regulations*, þá verða sérsambönd að fylgja reglum FIBA. Samkvæmt grein 9.4 þá þurfa sérsambönd sömuleiðis að gæta að því að leikmenn séu lausir til að taka þátt í landsliðverkefnum á þeim tíma sem þau eru í dagatali FIBA. Sömuleiðis í bók 3 af *FIBA internal regulations* segir í grein 47 að brjóti sérsamband gegn þessum reglum þá geti félag óskað eftir að FIBA beiti sérsambandið viðurlögum.

Í samræmi við reglur FIBA hefur mótanefnd, og undirritaður sem starfsmaður mótanefndar, nálgast þetta þannig að skarist leikir í deildarkeppni KKÍ á við keppnisdagatal FIBA, hvort sem það eru leikir Evrópukeppnum félagsliða hjá FIBA eða landsliðsglugga, að þá séu þeir leikir færðir. Það mætti líta á þetta sem

breytingu á keppnisdagatali viðkomandi félags, sem framkvæmd er vegna skarana í keppnisdagatali KKÍ og dagatali FIBA.

Mótanefnd hefur ekki litið á þessar færslur leikja sem frestaða leiki í samræmi við 9. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, né þá er þessara atriða getið í vinnureglum mótanefndar um frestanir, sem mótanefnd ber að setja sér skv. reglugerð um mótanefnd.

Einnig telur undirritaður mikilvægt að horfa til fordæma í þessu, sbr. kærumál 4 2021/2022 þar sem tekist var á um færslu eða frestun leikja kvennaliðs Hauka vegna þátttöku þeirra í FIBA EuroCup Women. Það mál er sambærilegt, þó hér sé tekist á um leik sem færður var vegna landsliðspáttöku leikmanns, en sömu greinar reglugerða FIBA eiga við þar sem það snýr að því að virða dagatal FIBA. Í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar í kærumáli 4 2021/2022 segir:

„Af lestri reglugerðar um mótanefnd annars vegar og reglugerðar um körfuknattleiksmót hins vegar má sjá að gerður er greinarmunur á frestun og tilfærslu leikja. Til að mynda má sjá að í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um mótanefnd er fjallað um hvernig boða skal til leiks þegar breyta þarf leikjaniðurröðun. Í 2. mgr. sömu greinar kemur svo fram að um boðun leiks sem hefur verið frestað gildi aðrar reglur. Þá er ljóst að þegar um frestun leikja er að ræða gildir 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, þar sem segir að sé kappleik frestað vegna veðurs eða annarra orsaka skal hann fara fram næsta dag sem fært þykir. Liggur það einnig í almennum málskilningi að í frestun leik felst að framgangur leiks sé ómögulegur, eða að minnsta kosti verulegum vandkvæðum háður. Tilfærsla leiks felur aftur á móti í sér að leikur sé af ásettu ráði færður af KKÍ, þrátt fyrir að aðstæður hefðu annars heimilað að hann færi fram. Gerð greinarmunar á beitingu þessara hugtaka við skýringu á 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót er jafnframt eðlileg. Að mati aga- og úrskurðarnefndar væri óeðlilegt að tilfærsla KKÍ á leikjaniðurröðun kæmi niður á viðkomandi félögum nema um það væri skýrt kveðið í gildandi reglum. Aftur á móti þykir eðlilegt að frestun leiks vegna hendingarinnar einnar eigi að hafa sem minnst áhrif á leik viðkomandi liða að öðru leyti.“

Það er mat mótastjóra að þetta eigi við í þessu máli einnig, þar sem mótanefnd þarf hér að aðlaga sig að dagatali FIBA vegna landsliðspáttöku leikmanns Hamars.

Það er hins vegar miður, og á því ber undirritaður ábyrgð, að skilaboð til Ármanns annars vegar og Hamars hins vegar voru ekki í samræmi við það vinnulag sem haft hefur verið við þessar færslur. Ármann fékk því þau skilaboð að leiknum hefði verið frestað og Hamar að hann hefði verið færður.

Það er skilningur undirritaðs að þessi leikur hafi verið færður, þannig að breyting hafi verið gerð á dagatali þessara liða, vegna þátttöku Ragnar Nathanaelssonar í A landsliði karla og því eigi 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót ekki við.“

Í viðauka við greinargerðina kom svo eftirfarandi fram:

„Í kærumáli 4 2021/2022 var tekist á um færslu eða frestun leikja kvennaliðs Hauka vegna þátttöku þeirra í FIBA EuroCup Women. Það mál er að ákveðnu leyti sambærilegt, þó hér sé tekist á um leik sem færður var vegna landsliðsþátttöku leikmanns.

Í niðurstöðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumáli 4 2021/2022 segir meðal annars: „Af lestri reglugerðar um mótanefnd annars vegar og reglugerðar um körfuknattleiksmót hins vegar má sjá að gerður er greinarmunur á frestun og tilfærslu leikja. Til að mynda má sjá að í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um mótanefnd er fjallað um hvernig boða skal til leiks þegar breyta þarf leikjaniðurröðun. Í 2. mgr. sömu greinar kemur svo fram að um boðun leiks sem hefur verið frestað gildi aðrar reglur. Þá er ljóst að þegar um frestun leikja er að ræða gildir 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, þar sem segir að sé kappleik frestað vegna veðurs eða annarra orsaka skal hann fara fram næsta dag sem fært þykir. Liggur það einnig í almennum málskilningi að í frestun leik felst að framgangur leiks sé ómögulegur, eða að minnsta kosti verulegum vandkvæðum háður. Tilfærsla leiks felur aftur á móti í sér að leikur sé af ásettu ráði færður af KKÍ, þrátt fyrir að aðstæður hefðu annars heimilað að hann færi fram. Gerð greinarmunar á beitingu þessara hugtaka við skýringu á 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót er jafnframt eðlileg. Að mati aga- og úrskurðarnefndar væri óeðlilegt að tilfærsla KKÍ á leikjaniðurröðun kæmi niður á viðkomandi félögum nema um það væri skýrt kveðið í gildandi reglum. Aftur á móti þykir eðlilegt að frestun leiks vegna hendingarinnar einnar eigi að hafa sem minnst áhrif á leik viðkomandi liða að öðru leyti.“

Það er mat mótastjóra að þetta eigi við í þessu máli einnig, þar sem mótanefnd þarf hér að aðlaga sig að dagatali FIBA vegna landsliðspáttöku leikmanns Hamars.“

VI.

Niðurstaða

Aðalkrafa kæranda er að úrslit hins kærða leiks verði ógilt og að honum verði dæmdur sigur vegna þess að kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmönnum. Leiknum hafi verið frestað og því hafi aðeins þeir haft rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerð um körfuknattleiksmót. Kröfu sína um að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum byggir kærandi á 2. mgr. 8.5., 8. gr. sömu reglugerðar.

Ljóst er að iðulega getur til þess komið að leika þurfi leiki á öðrum leiktíma en upphaflega til stóð. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður og verður mótanefnd að hafa ríkar heimildir til þess að hliðra til settu leikjaplani ef þess þarf. Í sumum tilvikum er ljóst að um frestun í skilningi ákvæðis 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót er að ræða og á þar við sú regla sem birtist í 3. mgr. sömu greinar, þar sem segir að aðeins þeir leikmenn hafa rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Líkt og skilmerkilega er rakið í greinargerð mótastjóra, þar sem vísað er til fyrri úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar, er gerður greinarmunur á frestun og tilfærslu leikja í reglugerð um körfuknattleiksmót annars vegar og reglugerð um mótanefnd hins vegar. Í þessu máli er um að ræða tilfærslu leiks af ásettu ráði vegna alþjóðlegra skuldbindinga KKÍ gagnvart FIBA. Á þá ekki við sú regla sem birtist í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót enda væri óeðlilegt að svo væri nema skýrt væri kveðið á um það í gildandi reglum. Verður því að hafna kröfu kæranda. Af sömu ástæðu verður að hafna varakröfu kæranda.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfu kæranda, körfuknattleiksdeildar Ármanns, um að úrslit leiks Ármanns og Hamars, sem fram fór 9. janúar 2023, verði ógild og kæranda dæmdur sigur, er hafnað.

Varakröfu kæranda, körfuknattleiksdeildar Ármanns, um að úrslit leiks Ármanns og Hamars, sem fram fór 9. janúar 2023, verði ógild og leikurinn endurtekinn, er hafnað.

Birkir Guðmundarson, formaður
Jónas Már Torfason, varaformaður
Kristinn G. Kristinsson
Leó Daðason
Pálmi Rögnvaldsson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.